

# RÍKISSAKSÓKNARI

Alþingi  
Erindi nr. P 125/1273  
komudagur 27.3.2000

BN/  
B.211/00

Reykjavík 27. mars 2000

Borist hefur til umsagnar, með bréfi formanns allsherjarnefndar Alþingis dags. 2. þ.m., frumvarp til laga um breyting á almennum hegningarlögum nr. 19, 12. febrúar 1940, með síðari breytingum, 359. mál.

Ríkissaksóknari hefur tekið þátt í að semja tillögurnar, sem frumvarpið geymir, í refsiréttarnefnd og lýsir sig fylgjandi þeim í öllum atriðum.

Þá leyfir ríkissaksóknari sér, að höfðu samráði við dómstjóra Héraðsdóms Reykjavíkur, að gera tillögu um að breyting á 4. mgr. (lokamálsgrein) 57. gr. almennra hegningarlaga verði felld inn í lagafrumvarpið. Téd málsgrein fjallar um kynningu á skilyrðum o.fl. í skilorðsdómi. Ákvæðið er nú svohljóðandi:

*Dómari skal kynna dómfellda rækilega skilyrðin og gera honum ljósar afleiðingar skilorðsrofa.*

Lagt er til að við málsgreinina bætist málsliður svohljóðandi:


*Hafi dómfelldi ekki verið viðstaddur uppsögu héraðsdóms getur dómari falið lögreglu að kynna honum skilyrði og afleiðingar skilorðsrofa um leið og dómur er birtur.*

## Tilfni breytingartillögu:

Hafi dómfelldi ekki verið viðstaddur uppsögu skilorðsbundins héraðsdóms birtir lögreglan dóminn venjulega, sbr. 3. mgr. 133. gr. laga nr. 19, 1991 um meðferð opinberra mála. Þætti dómarsins hefur hins vegar verið talið lokið um leið og dómur er kveðinn upp á dómþingi jafnvel þótt kynning á skilorði og afleiðingum skilorðsrofa hafi ekki getað farið fram vegna fjarveru dómfellda.

Samkvæmt orðalagi 4. mgr. 57. gr. almennra hegningarlaga hefur dómari ekki heimild til að fela öðrum að kynna dómfellda skilyrði skilorðsdóms og afleiðingar skilorðsrofa. Því er vafasamt að framkvæmdin, þ.e. að lögreglan kynni skilorð og afleiðingar skilorðsrofa um leið og hún birtir skilorðsdóm, hafi lagastoð.

Til þess að taka af allan vafa í þessu efni þykir rétt að lagaákvæðið heimili dómara að fela lögreglunni að kynna dómfellda skilorð dóms og afleiðingar skilorðsrofa hafi dómfelldi ekki verið viðstaddur dómsuppsögu, enda aðrir kostir tæpast framkvæmanlegir. Reikna má með að dómari láti lögreglunni í té leiðbeiningar um hvernig kynna beri skilorð og afleiðingar skilorðsrofa um leið og hann felur lögreglunni verkefnið.



Nefndasvið Alþingis

Póstfang:  
Hverfisgata 6  
150 Reykjavík

Sími:  
530-1600

Bréfsími:  
530-1606

Kennitala:  
530175-0229